

Nd.

189. Frumvarp til laga

[108. mál]

um mótvirðissjóð.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Mótvirðissjóð skal geyma óskertan á lokuðum reikningi í Landsbanka Íslands, þangað til og ef Alþingi ákveður að endurgreiða hann.

2. gr.

Lán þau, sem þegar hafa verið veitt úr mótvirðissjóði, skal Landsbanki Íslands yfirtaka með sömu kjörum gagnvart lántakanda og þau voru upphaflega veitt, og skulu lánaupphæðirnar endurfærðar á reikning mótvirðissjóðs (sbr. 1. gr.).

3. gr.

Landsbanka Íslands skal heimilt að auka útlán sín til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar um þá upphæð, er samsvarar mótvirðissjóði eins og hann verður, þegar ákvæði 1. og 2. gr. eru komin til framkvæmda, eftir nánari ákvörðunum Alþingis og þannig, að fullt tillit sé tekið til lána, sem þegar hafa verið veitt (sbr. 2. gr.), og þess, að ekki geti valdið hættulegri verðbólguþróun.

4. gr.

Öll eldri lagaákvæði um mótvirðissjóð og ráðstöfun hans falla úr gildi með lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur Bandaríkjastjórn undanfarin ár gefið íslenzku ríkisstjórninni ýmis atvinnutæki og aðrar vörur. Er hér um að ræða svo kölluð „fram-lög“ frá efnahagsstofnuninni (E. C. A.) og síðar frá öryggisstofnuninni (M. S. A.).

Vörur þessar hefur íslenska ríkisstjórnin selt íslenzkum innflytjendum, og hafa þeir greitt andvirðið inn í banka hér, en það síðan verið bókfært á sérstakan reikning

í Landsbanka Íslands, og hefur sá reikningur verið nefndur mótvirðissjóður. „Inneign“ þessi (mótvirðissjóður) er þannig aðeins bókfærslulegs eðlis, þar sem þau verðmæti, sem orsökkuðu „sjóðsmyndunina“, eru fyrir löngu uppétin eða fest sem vélar o. a. í rafvirkjunum o. s. frv.

Samkvæmt auglýsingu ríkisstjórnarinnar nr. 62 5. júlí 1948, um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu, hefur íslenska ríkisstjórnin ekki heimild til að ráðstafa þessari inneign hjá Landsbankanum (mótvirðissjóði) nema að fengnu formlegu leyfi bandarískra stjórnarvalda, en um það atriði segir svo m. a. í 4. gr. þessa samnings, 6. málsg.:

„Ríkisstjórn Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi (þ. e. mótvirðissjóði), til þeirra ráðstafana, sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku. Við athugun á tillögum, sem ríkisstjórn Íslands gerir um ráðstöfun á innstæðum á hinum sérstaka reikningi, mun ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa í huga þá þörf, sem er á því að efla eða viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi og á því að efla framleiðslustörf og milliríkjavíðskipti svo og leit að og eflingu á nýjum auðlindum á Íslandi, þar með talið sérstaklega: (b) útgjöld í sambandi við leit að og aukna framleiðslu á efnivörum, sem þörf kann að vera fyrir í Bandaríkjum Ameríku vegna skorts, sem er eða líklegt er að verði á slíkum vörum í Bandaríkjum Ameríku.“

Og í 7. málsg. 4. gr. samningsins segir svo orðrétt:

„Kvaðalausum innstæðum, öðrum en óráðstöfuðum upphæðum, sem lagðar hafa verið til hliðar samkv. 4. mgr. þessarar greinar, sem eftir eru á hinum sérstaka reikningi hinn 30. júní 1952, skal ráðstafað á Íslandi í þeim tilgangi, sem samkomulag kann að nást um milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, og er þá áskilið, að samþykki Bandaríkja Ameríku sé háð staðfestingu löggjafarþings Bandaríkja Ameríku í formi laga eða sameiginlegrar ályktunar beggja deilda.“

Að því athuguðu, sem hér að framan greinir, er það augljóst mál, að notkun fjár úr mótvirðissjóði er, ef litið er á áhrif á hagkerfið, nákvæmlega sama eðlis og t. d. lántaka ríkissjóðs hjá Landsbankanum. Munurinn er aðeins sá, að erlendir aðilar (Bandaríkjastjórn og Bandaríkjaþing) geta sagt íslenskum ríkisstjórninni fyrir verkum um það, hvernig og til hvers nota megi fé úr mótvirðissjóði, og geta, samkv. framangreindum tilvitnunum, haft mjög víðtæk áhrif, ef ekki úrslitaáhrif á íslensk peningamál, fjármál og efnahagsmál, m. a. hvernig þeim skuli hagrætt í þágu Bandaríkjanna, en á hinn bóginn hefur íslenska ríkisstjórnin að sjálfsögðu frjálsar hendur, að fengnu samþykki Alþingis, til að taka þau lán hjá Landsbankanum, sem nauðsynleg eru talin vegna þeirra framkvæmda, sem æskilegt þykir að hrinda í framkvæmd.

Frumvarp það, sem við þingmenn Þjóðvarnarflokks Íslands flytjum hér um mótvirðissjóð, er flutt í þeim tilgangi einum að losa þjóðina við þau erlendu afskipti af íslenskum fjármálum og efnahagsmálum, að ekki séu nefnd yfirráð, sem notkun fjár úr mótvirðissjóði hefur í för með sér.

Frumvarpið hefur engar aðrar breytingar í för með sér.

Áhrif þeirra ráðstafana, sem lagt er til í frumvarpi okkar að gerðar verði, eru á hagkerfið nákvæmlega þær sömu og ef lán væri veitt úr mótvirðissjóði og lánsfjármöguleikar óbreytir.

Til að losna við hin erlendu afskipti er í frumvarpinu lagt til, að mótvirðissjóður verði „frystur“ í Landsbankanum, þ. e. a. s., að þjóðin hagi sér í einu og öllu eins og hann væri ekki til, en geri nauðsynlegar ráðstafanir um öflun fjár til þeirra framkvæmda, sem ríkissjóður vill leggja lánsfé, eftir öðrum leiðum.

Virðist það svo augljóst mál, að þessa ráðstöfun sé nauðsynlegt að gera, að alleinkennilegt má teljast, að því máli skuli aldrei hafa verið hreyft í frumvarpi á Alþingi. Hafa þessi mál þó verið þar til umræðu áður, t. d. þegar sett voru lög um að stofna sérstakan banka til að ráðstafa mótvirðissjóði. En einmitt í sambandi við það mál varaði hinn kunní bankamaður Jón Árnason, núverandi banka-

stjóri við Alþjóðabankann, Alþingi við hættunni af þeim erlendu áhrifum, sem notkun mótvirðissjóðs hefði í för með sér. Í bréfi, sem hann skrifaði ríkisstjórn og Alþingi 3. des. 1952, farast honum m. a. svo orð: „Hinn svo kallaði mótvirðissjóður hefur orðið til vegna óafturkræfra framlaga frá stjórn Bandaríkjanna. — — Ekki má veita fé úr sjóðnum, hvorki sem lán né annað, án samþykkis Bandaríkjustjórnar, og virðist það í rauninni eðlilegt. En af því leiðir, að slíkar leyfisveitingar um meðferð mótvirðissjóðs hljóta að hafa í för með sér meiri eða minni afskipti af fjármálalífi landsins í heild.“

Og síðar í sama bréfi segir Jón Árnason, að „ef afskipti Bandaríkjustjórnar haldi áfram“, álíti hann það „æskilega og sjálfsagða leið — — að leita samninga við stjórn Bandaríkjanna um endurgreiðslu mótvirðissjóðs — enda takist að ná samningum um það langan greiðslutíma, að þjóðinni verði ekki um megn að inna greiðsluna af hendi“.

Þannig er þá það álit, sem einn kunnasti bankamaður þjóðarinnar, Jón Árnason, hafði á málinu og kom á framfæri við þing og stjórn þegar á árinu 1952.

Það virðist því ekki ofmælt, þó að sagt sé, að það hafi dregizt einkennilega lengi að fara þá leið í þessum málum, sem við flutningsmenn þessa frumvarps leggjum til að farin verði, til að losna algerlega og auðveldlega við hin erlendu afskipti á þessu sviði, og það því fremur, ef þess er gætt, að engin ákvæði hins svo nefnda „Marshallssamnings“ verða skilin né túlkuð á þann veg, að íslenska ríkisstjórnin sé skuldbundin til að nota fé úr mótvirðissjóði. Um það atriði er 6. málgr. 4. gr. samningsins gleggstur vitnisburður, en þar segir svo: „Ríkissjóður Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi“ (þ. e. mótvirðissjóði). Hins vegar stendur hvergi í samningnum, að ríkisstjórn Íslands sé skylt að hefja þessar innstæður.

Samkvæmt eðli málsins og málsatvikum þeim, sem hér hafa verið rakin, ætti að mega vænta þess, að Alþingi brygði skjótt við og samþykkti þetta frumvarp.

En ef það gerðist hins vegar, að Alþingi legðist — móti vonum okkar flutningsmanna — gegn samþykkt þess, þá verður ekki komizt hjá því að segja eins og er, að þá væri Alþingi ekki lengur að vinna með íslenska hagsmuni eina fyrir augum og gegn þarflausri erlendri íhlutun um innanlandsmál og sérmál þjóðarinnar, heldur væri það þá beinlínis gengið í þjónustu erlendra aðila til að ryðja braut erlendum áhrifum og afskiptum af íslenskum innanlandsmálum, fjármálum, efnahagsmálum og atvinnulífi.